

Aðalsafnaðarfundur 2019

Fundargerð aðalfundar 5. maí.

Aðalsafnaðarfundur Íslenska safnaðarins í Noregi 5. maí 2019 í safnaðarheimili Norberg kirkju

Fundardagskrá

1. Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla formanns
4. Stefna stjórnar
5. Starfsárið 2018
6. Fjárhagsáætlun og ársreikningar lagðir fram
7. Kosning í safnaðarstjórn og varastjórn
8. Tillögur
9. Kosning í kjörnefnd og aðrar nefndir
10. Önnur mál

Rúnar Sigríksson, formaður setur fundinn kl. 15.35. Fundarstjóri: Steinunn Þórðardóttir og Fundarritari: Björn Hallbeck

1. Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað

Formaður aðalstjórnar, Rúnar Sigríksson, bauð fundargesti velkomna og kannaði hvort boðað hefði rétt og löglega til aðalfundar sem var gert og staðfest af fundamönnum.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður aðalstjórnar, Rúnar Sigríksson, kannaði hvort fundargestir legðust gegn því að Steinunn Þórðardóttir tæki að sér störf fundarstjóra og Björn Hallbeck störf ritara. Engin móttframboð.

3. Skýrsla formanns

Þegar fundarstjóri og fundarritari tóku til starfa steig Rúnar Sigríksson í pontu. Hann sagði frá skýrslu sinni í stórum dráttum. Formaður minntist einnig á ágreiningi síðasta aðalsafnaðarfundar sem aldrei leystist almennilega. Það væri mikilvægt að horfa framávið með jákvæðu hugarfari, sérstaklega þegar meðlimir safnaðarins telja nú tæplega sjö þúsund og nýr prestur hefur brátt störf. Starfsemin er í góðum farvegi þar sem verið sé að virkja fólk meira, ekki bara í þágu safnaðarins heldur einnig sjálft

sig. Auka þarf starfsemi alstaðar á landinu. Mál umboðsmanns í Fylkesmann er ekki unnið, en eftir fjóra fundi með sænska og finnska söfnuðina hafa þeir ákveðið að saman reka málið fyrir dómi. Það eru yfirgnæfandi líkur á að málið vinnist. Formaður sagðist að lokum ánægður með hið lýðræðislega starf safnaðarins. Söfnuðurinn stendur mun sterkari í ár en í fyrra. Skýrsla formans var samþykkt af aðalfundi og stjórn fær þakkir fyrir vel unnin störf með «upp brettar ermar» af Þórhalli. Skýrsla formans má lesa í heild sinni í ársskýrslu 2019.

4. Stefna stjórnar

Jónína Margrét Arnórsdóttir les upp stefnu stjórnar. Stefna stjórnar er samþykkt. Stefnu stjórnar má lesa í heild sinni í ársskýrslu 2019.

5. Starfsárið 2018

Rebekka Ingibjartsdóttir les skýrslu kirkjuársins ársins 2018. Skýrslu ólafíustjórnar vantar. Starfsárið 2018 má lesa í heild sinni í ársskýrslu 2019.

6. Fjárhagsáætlun og ársreikningar lagðir fram.

Ingvar Örn Ingólfsson, gjaldkeri, las upp og kynnti fjárhagsáætlun og ársreikninga 2018 (sjá ársskýrslu safnaðarins). Helstu atriði þar fyrir utan nefnir Ingvar eftirfarandi: Endurgreiðslu til Húsfélagsins í Pilestredet Park vegna hitakostnaðar Ólafíustofu sem ekki var vitað um fyrr en hitastýring húsfélagsins var endurnýjuð haustið 2018. Í kjölfarið réðst stjórn í fjárfestingu á eigin sjálfvirkum stýribúnaði fyrir varmagjafa Ólafíustofu. Áætlaðar tekjur safnaðarins 2019 eru 7.581,824 krónur og útgjöld samtals 5.917,735 krónur, þar af eru laun áætluð 3.055,473 krónur. Útlagður kostnaður safnaðarins vegna endurheimta á meðlimum hingað til eru 1.034,506 krónur. Heildarkrafa safnaðarins í garð ríkisins er í dag 11.201,056 krónur.

Ársreikningar síðasta árs voru bornir upp til atkvæðisgreiðslu og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Umræður: Þórhallur Guðmundsson spyr um «eksternt honorar» og gjaldkeri svarar því til að hér voru útgjöld til að mynda til Consort, endurskoðun og bókhaldara.

Inga Erlingsdóttir spyr hve margir séu til staðar þegar kemur að barna og unglिंगastarfi, og fær sem svar að alltaf séu að minnsta kosti tveir eldri en 18 ára og eru launaðir nema sjálfboðaliðar t.d. foreldrar.

Þórhallur bendir á að starfshlutfall formans í launaðri stöðu skrifstofumanns sé varhugavert af fenginni reynslu hér áður fyrr þegar talsverðu fjármagni var stungið undan. Mikilvægt að ekki séu nán tengsl milli manna í stjórn safnaðarins og starfsfólks á skrifstofu. Gjaldkeri safnaðarins ábyrgist að þetta tímabundna fyrirkomulag sé tryggt og öruggt. Formaður er með starfssamning fram til dagsins í dag, en sé best að framlengja í óbreyttri mynd þar til Inga Harðardóttir kemur til starfa.

Guðni Ölverson tekur til máls og vekur athygli á mikilvægi þess að alltaf þurfi að vera til staðar prestþjónusta þegar mikil þörf sé á eins og til dæmis nú nýlega í Mehamn. Hann spyr hvernig staðan hafi verið í þessu tilfalli þegar ekki var fast ráðinn prestur. Gjaldkeri og formaður svara því svo að straks hafi verið haft samband meðal annars við sendiráð Íslands vegna þessa. Eins var haft samband við sr. Þórey Guðmundsdóttur, og var gerður við hana samningur til þess að vinna við þetta atvik. Hún var meðal annars í samband við staðarprest, Finnmark lögregluumdæmi og verjanda.

Við spurningu Gunnars Hólm um hverjir hafa leigt Ólafíustofu svarar gjaldkeri að það hafi verið meðal annars húsfélag í nágrenninu. Komið hefur til greina að leigja undir afmælisveislur og fundi fyrir utanaðkomandi sem hægt er að panta í App þegar Ólafíustofa ekki er í notkun. Íslensk félög nota Ólafíustofu gjaldfrjálst.

Inga Erlingsdóttir spyr hvort teknir verði upp fyrri hættir og farið með fermingarbörn til Svíþjóðar, því hún telji að þetta sé enn mikilvægur þáttur í fermingu barnanna. Rebekka Ingibjartsdóttir ansar þessu og segir að þetta sé á áætluninni.

Þórhallur tekur enn til máls og óskar eftir því að stefnt verði að rekstrarhagnaður ársins verði um 25% í stað þeirra 20% sem sett er í áætluninni. Gjaldkeri svarar því við að keppt verði að því að spara enn meira.

7. Tillögur.

Tillögur bornar upp af Ingvari Erni Ingólfssyni.

- a) Tillaga um aðskilnað og sjálfsstæði Ólafíusjóðs gagnvart fjárhag Íslenska safnaðarins í Noregi. Tillaga til samþykktar er svohljóðandi:

„Aðalfundur Íslenska Safnaðarins árið 2019 felur stjórn safnaðarins að vinna að aðskilnaði safnaðar og Ólafíusjóðs þar sem Ólafíusjóður mun verða eigið stiftelse með eigin stjórn og sjálfstæð stofnun. Söfnuðurinn mun styrkja sjóðinn hvert ár um 100.000 kr. með auka stofnframlagi upp á það sama. Söfnuðurinn mun einnig borga rekstur sjóðsins og laun starfsmanna samkvæmt kynningu á aðalfundi 2019. Þegar stjórn hefur gert allt klárt ásamt nýrri sjóðs stjórn mun vera kallað til sér stofnfundar Ólafíusjóðs þar sem lög sjóðsins verða samþykkt og stjórn hans kjörin.“

Umræður: Inga Erlingsdóttir bendir á að prestur eigi ekki að vera fjórði maður í stjórn. Formaður bendir á að prestur sé starfsmaður sjóðsins og þrír séu í stjórninni og tveir varamamenn. Þórhallur Guðmundsson bendir á að gott hefði verið að hafa einn sem ekki tengist söfnuðinum beint, til dæmis einhvern tengdist sendiráðinu. Gjaldkeri bendir á að stjórn sjóðsins ákveður lög sjóðsins.

Tillagan er samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

- b) Tillaga að fjárfestingu í húsnæði sem verður leigt áfram til prests. Tillaga til samþykktar er svohljóðandi:

„Aðalfundur Íslenska Safnaðarins árið 2019 samþykkir að veita stjórn umboð til að kanna kaup á húsnæði fyrir prest og áfram leigja til prests á nær kostnaðarverði. Þetta er hugsað fyrst og fremst sem fjárfesting fyrir söfnuðinn og skal ákvörðun stjórnast af hagkvæmni fjárfestingar. Aðalfundur samþykkir lántöku að hámarki 5.000.000 og að 1.500.000 verði nýtt af sparifé safnaðarins til kaupanna svo að hámark verð eignar verði þá 6.500.000.

Ef stjórn kemst af því að þetta telst heppileg fjárfesting hefur hún þá fullþingi aðalfundar til að ganga til kaupa á húsnæði sem er þá valið út frá hagkvæmni“.

Umræður: Gunnar Hólm bendir á að „Fylkesmannen“ hafi fyrir nokkrum árum síðan haldið því fram að þetta væri ólögleg fjárfesting safnaðarins. Þórhallur Guðmundsson telur að framtíðin geti verið örugg með tilliti til aukningu á verði húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, og beri að huga vel að þessu.

Tillagan er samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

- c) Tillaga að endurverkja „Listanefnd“ sem „Menningar og Listarnefnd“. Tillaga til samþykktar er svohljóðandi:

„Aðalfundur Íslenska Safnaðarins árið 2019 samþykkir að endurverkja listanefnd sem Menningar og Listanefnd. Nefndin mun hafa umsjón með menningar og lista atburðum á vegum safnaðarins“.

Tillagan er samþykkt með handauppréttingu.

- d) Tillaga að setja í gang nefnd sem sér um endurskoðun á lögum og reglum Íslenska safnaðarins í Noregi Tillaga til samþykktar er svohljóðandi:

„Aðalfundur Íslenska Safnaðarins árið 2019 samþykkir að skipa laganefnd þriggja einstaklinga til að fara í gegnum lög og reglur safnaðarins með það að markmiði að færa þær nær nútímanum, nefndin mun vinna náið með stjórn safnaðarins sem mun skila henni sitt álit og hugmyndir af nýjum lögum. Nefndin mun skila af sér tillögum að lagabreytingum á aðalfundi“.

Tillagan er samþykkt með handauppréttingu.

8. Kosningar.

Kosningar varamanna í stjórn Íslenska safnaðarins í Noregi.

Úr röðum varamanna ganga Kristján Daðason eftir 5 ára setu og Snorri Ásgeirsson, sem ekki gefur kost á sér til frekari setu.

Guðni Ölverson bendir á að fyrri samþykktir segja til um að frambjóðandi eigi að vera til staða til að geta verið kosinn. Fundarstjóri biður um undanþágu frá þessari reglu og fær hana. Harpa Stefánsdóttir hefur gefið kost á sér en er fjarverandi. Formaður gerir deili á henni. Þórhallur skorar á Guðrúnu að taka sæti sem varamaður, hún kynnir sig stuttlega og tekur áskoruninni. Guðrún Elín Svansdóttir tekur 4 sæti og Harpa Stefánsdóttir hið fimmta.

Kosningar í stjórn og varastjórn Ólafúsjóðs.

Stjórn Ólafúsjóðs skipa 3 einstaklingar og er sóknarprestur starfsmaður sjóðsins. Í dag situr Sigurdís Reynisdóttir í stjórn sjóðsins ásamt Ágústu Maríu Arnardóttur Figved.

Rannveig María Gísladóttir gefur kost á sér til setu í stjórn Ólafúsjóðs sem og Guðbjörg Magnúsdóttir. Það eð Guðbjörg ekki er til staðar er Rannveigu Maríu veitt sæti í stjórn sjóðsins, og Guðbjörg tekur sæti sem varamaður í stjórn sjóðsins. Steinunn Þórðardóttir tekur til máls og tilkynnir áhuga sinn að sitja sem varamaður í stjórn sjóðsins. Aðalfundur samþykkir þessar niðurstöður.

9. Kosningar í aðrar nefndir.

Kosning í Menningar og listanefnd:

Þau sem buðu sig fram voru Ómar Diðriksson, Þórhallur Guðmundsson og Freydís Heiðarsdóttir. Þau voru öll samþykkt sem nefndarmeðlimir.

Kosning í nefnd til að endurskoða lög og reglur Íslenska safnaðarins:

Tillaga er lögð fram um að setja á laggirnar nefnd sem endurskoða lög og reglur safnaðarins. Formaður tilnefnir eftirfarandi aðila og hvetur þau til að skila álitinu fyrir 31.12 2019:- Þór Garðarson, Björn Hallbeck og Rósa Áskelsdóttir. Þórhallur sækist einnig eftir setu í nefndinni.

Öll eru samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta að sitja í nefndinni.

Kosningar í kjörnefnd.

Sturla Jónsson hættir í kjörnefnd. Úr sal kom uppástunga á Gunnari Hólmi í kjörnefnd, og gekkst hann við áskorunni. Rannveig María Gísladóttir situr áfram í kjörnefnd.

Aðalfundur samþykkti Gunnar Hólmi sem nefndarmann.

10. Önnur mál.

Fundartíminn er að renna út og fundarstjóri biður fundargesti að vera stuttur og þægilegur. Guðni Ölverson sté í pontu og hélt snögga og laggóða ræðu. Hann sagði stuttlega frá ósætti af síðasta árs aðalfundar þar sem hann ekki fékk greinargóð svör né réttmætt talfrelsi. Þetta væri nú liðin saga þar eð ný stjórn málar allt annað og betra landslag en fyrri stjórn safnaðarins. Þórhallur Guðmundsson bendir á að stefnt sé að lista- og menningarnefnd muni meðal annars styrkja og gera meira fyrir íslenska listamenn.

Fundi slitið kl 18.05